



Árshlutareikningur Byggingastofnunar janúar – júní 2015

Árshlutareikningur Byggingastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2015, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 27. ágúst 2015.

Hagnaður tímabilsins nam 36,5 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 21,38% en var 20,2% í lok árs 2014.

Um stofnunina gilda lög um Byggingastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggingastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggingastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggingastofnunar janúar – júní 2015

- Hagnaður tímabilsins nam 36,5 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 21,38% en skal að lágmarki vera 8%
- Hreinar vaxtatekjur voru 220,8 milljónir króna eða 48,9% af vaxtatekjum, samanborið við 172,7 milljónir króna (41,6% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2014.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 128,3 milljónum króna samanborið við 124,8 milljónir á sama tímabili 2014.
- Eignir námu 13.393 milljónum króna og hafa lækkað um 524,4 milljónir frá áramótum. Þar af voru útlán og fullnustueignir 10.688 milljónir.
- Skuldir námu 10.704 milljónum króna og lækkuðu um 560,9 milljónir frá áramótum.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 16,5 milljónum króna.

Um árshlutauppgjörið

Hagnaður tímabilsins nam 36,5 milljónum króna. Skýrist hagnaður tímabilsins fyrst og fremst á lægri framlögum á afskriftarreikning útlána og matsbreytingu hlutabréfa.

Eiginfjárlutfall Byggingastofnunar var 21,38% í lok tímabilsins.



Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni.

Umsóknir um nýjar lánveitingar jukust á tímabilinu og er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu á lánveitingum á árinu 2015 og 2016.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur

	30.06.2015	31.12.2014	30.06.2014	2013	30.06.2013	2012
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	451.645	813.793	414.984	998.367	527.278	1.239.328
Vaxtagjöld	230.862	414.371	242.244	561.002	305.975	645.570
Hreinar vaxtatekjur	220.784	399.422	172.741	437.365	221.303	593.758
Rekstrartekjur	179.502	448.940	213.706	559.846	295.416	193.296
Hreinar rekstrartekjur	400.285	848.362	386.446	997.211	516.719	787.054
Rekstrargjöld	363.794	499.145	311.139	808.294	332.476	939.827
Hagnaður (-tap)	36.491	349.217	75.307	188.917	184.243	-152.773
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	-4.301	-117.243	-13.380	50.960	-79.661	444.940
Efnahagsreikningur	30.06.2015	31.12.2014	30.06.2014	31.12.2013	30.06.2013	31.12.2012
Eignir						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	1.664.478	2.062.688	2.393.656	2.421.208	2.455.461	2.213.327
Útlán	10.688.090	10.821.632	11.086.999	11.570.492	12.551.315	13.421.549
Eignahlutir í félögum	966.761	902.395	910.838	809.599	758.165	763.001
Aðrar eignir	73.209	130.216	114.779	71.009	81.680	340.102
Eignir samtals	13.392.538	13.916.931	14.506.272	14.872.307	15.846.621	16.737.980
Skuldir og eigið fé						
Lántökur	10.549.834	11.161.775	11.962.190	12.458.421	13.313.677	14.549.688
Aðrar skuldir	154.557	103.500	166.336	111.448	235.180	74.769
Skuldir samtals	10.704.392	11.265.275	12.128.526	12.569.868	13.548.857	14.624.458
Eigið fé	2.688.147	2.651.656	2.377.746	2.302.439	2.297.765	2.113.522
Skuldir og eigið fé samtals	13.392.538	13.916.931	14.506.272	14.872.307	15.846.621	16.737.980
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	16.450	18.807	20.360	22.552	70.956	216.398
Sjóðstreymi	30.06.2015	2014	30.06.2014	2013	30.06.2013	2012
Handbært fé frá rekstri	38.940	556.712	224.716	787.953	394.668	638.876
Fjárfestingarhreyfingar	212.022	569.609	257.989	324.400	200.071	617.252
Fjármögnunarhreyfingar	-649.171	-1.484.841	-510.256	-904.473	-352.606	1.507.030
Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé	-398.210	-358.520	-27.551	207.880	242.134	-250.903
Handbært fé í ársbyrjun	2.062.688	2.421.208	2.421.208	2.213.327	2.213.327	2.464.230
Handbært fé í lok tímabils	1.664.478	2.062.688	2.393.656	2.421.208	2.455.461	2.213.327
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	21,38%	20,20%	16,36%	16,00%	14,92%	12,55%